
Minnisblað

Dagsetning: 8. júlí 2020
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi skimanir á landamærum og sóttkví ferðamanna eftir 13. júlí 2020.

Frá því að skimanir fyrir COVID-19 á landamærum voru teknar upp þ. 15. júní sl. hafa rúmlega 32.000 ferðamenn komið hingað til lands og sýni tekin frá um 25.000 einstaklingum. Virk smit hafa fundist hjá 11 einstaklingum en gömul óvirk smit hjá rúmlega 40 einstaklingum.

Reynslan af skimun á landamærum hefur þannig leitt í ljós að smit meðal ferðamanna virðist fátítt en hins vegar hefur komið í ljós að hætt er við að nýlega smitaðir einstaklingar greinist ekki í skimuninni og að þeir geti síðar smitað frá sér. Einkum er talin smithætta frá einstaklingum sem eru með útbreytt tengslanet hér á landi eins og Íslendingum búsettum erlendis og aðilum sem búsettir eru hér á landi.

Fyrirkomulag skimana á landamærum hefur til þessa verið með þeim hætti að allir einstaklingar sem koma til landsins þurfa að velja á milli sóttkvíar í 14 daga og sýnatöku (PCR) á landamærum. Erlend vottorð um fyrri COVID-19 sýkingu, mót efni gegn SARS-CoV-2 eða nýlegt PCR próf hafa til þessa ekki verið tekin gild.

Frá 13. júlí 2020 legg ég til að fyrirkomulag skimana á landamærum og sóttkvíar ferðamanna verði með eftirfarandi hætti:

- Öllum einstaklingum sem koma hingað til lands verði gert að fara í sóttkví í 14 daga eða að öðrum kosti undirgangast skimun fyrir COVID-19 með PCR prófi. Undantekningar frá þessu má sjá hér að neðan.
- Einstaklingar sem fengið hafa staðfesta COVID-19 sýkingu á Íslandi með PCR prófi eða mót efnamælingu meira en fyrir 14 dögum verði undanþegnir sóttkví eða skimun við komuna hingað til lands. Þessir einstaklingar þurfa að framvísa opinberu vottorði um ofangreint við komuna hingað til lands.
- Sóttvarnalæknir geti ákveðið að taka gild erlend vottorð um COVID-19 sýkingu, mót efnamælingu eða nýlegt PCR próf sem veiti ferðamönnum undanþágu frá sóttkví og/eða skimun á landamærum. Hann gefi út nánari upplýsingar um slíkt fyrirkomulag.
- Sóttvarnalæknir getur fært lönd af lista landa sem talin eru vera á há-áhættusvæði yfir á lista landa sem talin eru vera á lág-áhættusvæði. Ferðamenn frá löndum á lág-áhættulista verða undanþegnir sóttkví og skimun á landamærum skv. nánari leiðbeiningum.
- Íslendingar sem búsettir eru erlendis sem og einstaklingar búsettir hér á landi og aðrir sem taldir eru hafa víðtækt tengslanet hér á landi fari annað hvort í 14 daga sóttkví eða skimun á landamærum. Ef niðurstaða skimunar verður neikvæð þá verði viðkomandi beðinn um að fara í 4-5 daga „heimkomu-smitgát“ sem skilgreind er á eftirfarandi hátt:

- Ekki fara á mannamót eða veislur þar sem fleiri en tíu manns eru saman komnir.
- Ekki vera í samneyti við fólk sem er í aukinni áhættu fyrir alvarleg veikindi/viðkvæmir hópar.
- Gæta að tveggja metra reglunni í samskiptum við aðra.
- Heilsa ekki með handabandi og forðast faðmlög.
- Huga vel að einstaklingsbundnum sóttvörnum.
- Má nota almenningsamgöngur til að komast á áfangastað.
- Má fara í bíltúra.
- Má fara í búðarferðir.
- Leyft að hitta vini og kunningja með ofangreindum takmörkunum.

Boðið verður upp á nýtt skimunarpróf eftir 4-6 daga og losnar viðkomandi úr smitgátinni ef niðurstaðan verður neikvæð. Sýnataka nr. 2 verði einstaklingum gjaldfrjáls.

- Rannsóknaraðilar í Færeyjum sem sjá um skimunarpróf um borð í Norrænu verði beðnir um að skima farþega á leið til Íslands fyrir hönd íslenskra sóttvarnaryfirvalda.
- Skimun á landamærum muni standa út júlí mánuð. Að þeim tíma liðnum verður skimunarátakið endurmetið.
- Fjöldatakmarkanir verði áfram miðaðar við 500 einstaklinga og muni áfram standa út ágúst mánuð. Þessi ákvörðun verður þó í sífelldri endurskoðun miðað við ástand faraldursins hér á landi.
- Vínveitinga- og skemmtistaðir verði áfram opnir til kl. 23:00 út júlímánuð og opnunin endurskoðuð að þeim tíma liðnum.

Með kveðju

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir